

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Að yrkja á austfirsku

Hér á eftir fylgir tala sú sem ég flutti á Breiðdalsvík laugardaginn 8. júní sl. að öðru leyti en því að hér verða ekki birtar vísur sem ég flutti í upphafi máls míns um framburðareinkenni eða framburðarvalkosti sem þar eru festir í rími. Þessu sleppi ég vegna loforðs við höfund vísanna.

Um blessað flámælið er það að segja að í a.m.k. 100 ár hafa hagrðingar gantast með framburð flámæltra með því að láta *i* ríma við *e* annars vegar en *u* við *ö* hins vegar. Hagryðingur nokkur sá merkingu á OTIS-lyftu norður í Skagafirði þar sem hnapparnir voru merktir

svo: UPP og NEÐUR (Ath. að flestar vísurnar eru fengnar eftir munnlegum heimildum víðsvegar, sumar hef ég kunnar síðan í barnæsku):

Ofan, neður, upp í loft

Otis- veður skjóður.

Þetta skeður æði oft

enda si-eður góður.

Til er vísa sem lengi hefur gengið manna á milli án þess að ég hafi nokkru sinni vitað um höfundinn. Hún fjallar um veðurfar:

Magnast élin mjög í ár,
margan kelur smáfuglinn;
nú er y-elur næsta smár,
nú er by-elur, góði minn.

Ég hef alltaf litið svo á að þessi vísa væri gerð af hagamæltu hrekkjusvíni sem væri að hæðast að flámæltu fólki. Það er þó ekki alveg víst. Ef til vill gerði höfundurinn einfaldlega ekki greinarmun á *i* og *e* og hélt að þetta mætti vera svona. Svo má líka benda á annað. *E*-in tvö í fyrri hluta vísunnar, sem skapa innrímið, í áhersluatkvæðunum *él- kel-*, eru óumdeilanleg. Í seinni hlutanum er áhersluhljóðið *i*, sem í samræmi við fyrri hlutann er gjarna breytt í *e* þegar

vísan er flutt. Ef við látum hins vegar þetta *i* halda sér fáum við rímaafbrigði sem í Bragfræði Sveinbjarnar Beinteinssonar (1953) kallast *mishent*. Dæmið hjá Sveinbirni er þannig:

Bernskukynnum burtu frá

bráða *sinnið* hvetur.

Heima blíðu haga þá

heiðrum síðar betur.

(vísa nr. 42)

Hér er annað miðrím í fyrri hlutanum (sbr. skáletur) en þeim seinni (sbr undirstrikun). Stundum koma þessi vafaorð fyrir inni í vísunni og engin leið að segja til um hvort höfundurinn heyrir muninn eða ekki. Einhver orti þessa limru um Jón Kristjánsson, fyrrum alþingismað og ráðherra:

Hann býr yfir góðmennskugeni,

er glúrin – á austfirsku *vi-eni*.

Hann ákvörðun tók,

hún er andskoti klók

því hann bjargaði flokknum úr feni.

Í annarri línu er rímorðið *vini* sem verður að bera fram *veni* til að rímformið haldi sér. Hér er ekki hægt að skera úr um það hvað að baki liggur nema finna höfundinn (það er annars svolítið grunsamlegt hve margar þessara vísna ganga um höfundarlausar).

Þegar þau stórtíðindi urðu í íþróttahæminum að boxarinn Mike Tyson beit eyrað af andstæðingi sínum inni í hringnum orti Sigurður Óskar Pálsson:

Boxarinn fékk sér bi-eta

en bi-etann þó vildi ekki éta

úr andstæðings eyra.

Ógn er að heyra.

Hann kunni ´ ekki ketið að meta.

(Ég vek athygli á að á glærinni sem ég sýndi á Breiðdalsvík var þessi limra ekki rétt. Beðist er afsökunar á þeim mistökum.)

Eina vísu hef ég fundið þar sem höfundurinn rímar á skriðhljóðinu þar sem ég er nokkuð viss um að höfundurinn hefur verið flámæltur og ekki gert greinarmun á *i* og *e*, að minnsta kosti mjög lítinn greinarmun, svo lítinn að hann lætur það ekki trufla sig. Sá sem hér yrkir var móðurbróðir minn, Pétur Björgvin Jónsson, skósmiður og þekktur hagyrðingur. Pétur var fæddur 1889 á Völlum en fluttist ungur til Eskifjarðar og bjó þar fram til 1938. Í bókinni *Af mönnum ertu kominn* segir Einar Bragi svo frá:

... [Pétur] lét margt fjúka í hendingum sem honum þótti síðar þarflaust að halda á lofti. Einn af hraðkveðlingum hans er ortur á austfirsku eins og hún var almennt töluð á uppvaxtarárum mínum. Pétur ók fram hjá Ketilsstöðum á Völlum undir kvöld þegar verið var að setja inn kýrnar. Brattur pallur lá upp í fjósdýrnar og líktist stiga til að sjá. Þá varð Pétri vísa af munn:

Ýtar byggja ýmsa vega,
ekki er hægt að neita því;
kýrnar þurfa að klifra upp stega
Ketilsstaðafjósið í.

(Einar Bragi 1985:40–41)

Ég leitaði með logandi ljósi síðustu vikur að vísu þar sem flámælið kæmi fram í ríminu, en fann lítið. Líklega er ekki mikið til af slíkum kveðskap. Hagyrðingar eru næmir fyrir hljóðum í tungumálinu og þeir eru líklegri en aðrir til að vera meðvitaðir um málvenjur eins og flámæli og forðast slíkt í kveðskap, finna aðrar leiðir til að ríma. Líklegt þykir mér að þeir sem settu saman vísurnar sem vitnað er til hér að ofan hafi verið meðvitaðir um þennan ágalla en látið sig hafa það að nota þetta rím samt. Fjölmörg dæmi má sjá um það í kveðskap að skáld og hagyrðingar gefa eftir í einstaka tilvikum og notist við lausnir sem þeir annars forðast af því að þær stríða gegn betri vitund brageyrans. Í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar má sjá að hann stuðlar *hv*- í framstöðu ekki á móti *k*, heldur *h*, sbr. þessar línur:

út um hamrahjalla

hvít með loðnar tær,

(Jónas Hallgrímsson 1989:216)

Ljóst er þó að Jónas hefur haft *kv*-framburð því að þegar betur er að góð kemur í ljós að hann heyrir það ekki sem ofstuðlun þegar *hv* kemur fyrir í framstöðu orðs í línu sem annars er stuðluð með *h*, sbr. þetta:

Hvurt á nú heldur að halda

í hamarinn svartan inn,

(Jónas Hallgrímsson 1989:251)

Jónas ofstuðlaði nánast aldrei (sjá RIA 2007:42 o.áfr.). Hann ber orðið *hvurt* fram með *k*, *kvurt*. Ástæða þess að hann notar þetta ekki í stuðlun mun að líkindum vera sú að hann er að hugsa til þess stóra hóps Íslendinga sem ekki hefur *kv*-framburð (sem var mun stærri hópur þá en er í dag) og vill ekki misbjóða þeim. Og í einu tilviki gleymir hann sér:

Hvur veit nema komi svo

í kviðlings ævihraki,

(Jónas Hallgrímsson 1989:137)

Hér stuðlar hann *hv* við *k*, eina tilvikið sem ég hef fundið hjá Jónasi. Samkvæmt brageyra hans gekk vel upp að stuðla *hv* við *k*, líklega hefur honum fundist það hljóma betur en þegar hann stuðlaði það við *h*, en hann lærði að stuðla í samræmi við brageyra meirihlutans. Þetta sama hafa þeir gert sem alist hafa upp við flámæli. Þeir ríma ekki saman *betur* og *litur* eða *sögu* og *flugu* en einstöku sinnum, þegar mikið liggur við, gleyma þeir sér og láta slag standa studdir af vel þekktri og vinsælli réttlætingu: „Þetta hafa nú aðrir gert líka“.

Ég enda á vísu sem til mín barst þegar ég var að leita að flámælisríminu. Viðmælandi minn er Héraðsbúi alinn upp í Borgarfirði syðra. Vísan hefur ekki flámæli í rími en mér er sagt að mjög sterk hefð sé fyrir því að tvö orð séu borin fram með skriðhljóði, *e* eða *i-e* í stað *i*. Vísan reyndist við eftirgrennslan vera eftir [Hannes Bjarnason prest á Ríp í Hegranesi \(1777–1838\)](#). Hannes flutti í Frostastaði vorið 1807 en þótti þar slæmur húsakostur (sjá [Braga óðfræðivef](#)).

Bæjardyrnar bretta upp nefið

býsna göngin dimm og lág.

Í búrinu var *gri-epum* gefið

gólfskánin var veggjahá;

baðstofan ljót og *baksli-eguð*

bannað var þar að nefna guð.
Útiskemman áfram lýtur
eins og þegar kerling skítur.

Hér er sem sagt í dag föst venja, hluti af vísunni, að segja *gri-epum*, ekki *gripum* og *bakslieguð*, ekki *baksliguð*. Vísan hljóðar einfaldlega þannig.

Vafalaust má finn frekari dæmi um þetta rím og fleira forvitnilegt um flámæli í kveðskap en hér verður látið staðar numið að sinni.
Ég þakka áheyrnina.

Heimildir:

Bragi óðfræðivefur. <http://bragi.arnastofnun.is/> (Sótt 11. júní 2013).

Einar Bragi. 1985. *Af mönnum ertu kominn*. Mál og menning, Reykjavík.

Jónas Hallgrímsson. 1989. *Ljóð og lausamál*. Svart á hvítu, Reykjavík.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2007. Stuðlasetning í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar. *Hrafnaping*, 4. árg., bls. 31–49.

Sveinbjörn Beinteinsson. 1953. *Bragfræði og háttatal*. H.f. Leiftur, Reykjavík.